

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 143/446*  
*komudagur 28.11.2013*

Reykjavík 26. nóvember 2013

## Pingskjal 59, mál nr. 59 – skýrsla ráðgjafarhóps um raforkustreng til Evrópu

Samband garðyrkjubænda þakkar fyrir tækifærið að gefa umsögn um mál nr. 59 – um skýrslu hóps um sæstreng. SG hefur ýmsar athugasemdir við skýrsluna og þá vinnu sem Landsvirkjun hefur lagt í á undanförunum misserum og skal reynt að gera grein fyrir því helsta og mikilvægasta.

Fyrir það fyrsta þá hafa ekki komið fram skýrar upplýsingar um hvernig orkuverð í Noregi hefur breyst frá því að þeir hófu útflutning á rafmagni gegnum sæstreng. Það sem er vitað er að rafmagnsverð í Noregi hækkaði. Einnig er það markvert að áhrifin hafa verið þau að fyrirtæki í orkusækin starfssemi hefur víða verið lögð niður og eða verið flutt til annarra landa.

Í öðru lagi þá vill SG vekja athygli á að ekki eru skoðuð nægjanlega hugsanleg ruðningsáhrif sæstrengs á núverandi starfssemi fyrirtækja í orkusækinni starfssemi hér á landi. Auk garðyrkjunnar eru þarna greinar eins og fiskvinnsla, fiskeldi, gagnaver, bakarí og jafnvel stórmarkaðir. Það hefur ekki farið framhjá neinum að garðyrkjubændur hafa óskað eftir varanlegri lausn á heildarverði á raforku til ylræktar. Það hefur einnig komið í ljós að rekstur í garðyrkju er réttu megin við núllið en þarf að vera ábátasamari og þrátt fyrir verulega hagræðingu þá hafa aðföng hækkað umfram verðhækkanir á vörum okkar.

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir hvaða áhrif lagning sæstrengs hefur hér á landi. Hættan er á að flóra framleiðslustarfssemi verði frekar fátækleg, eins og virðist hafa gerst í Noregi, því ljóst er að orkusækin starfssemi á erfitt með að mæta miklum hækkunum rafmagnskostnaðar. Það hefur verið talað um tölur á milli 5-20% hækkun. Í garðyrkju er rafmagnskostnaður um 25% af rekstrarkostnaði ylræktar. Það er því auðvelt að reikna hversu mikið hann hækkar við 10% hækkun.

Aðilar í orkusæknum greinum í Noregi telja að kerfi þeirra, þ.e. útflutningur rafmagns, skerði samkeppnishæfni þeirra og hamli framtíðaruppbyggingu þar í landi. Ekki er óeðlilegt að álykta að slíkt ástand verið einnig hér á landi.

Í þriðja lagi hefur ekkert svar fengist við því hvort mögulegt sé að koma til móts við hækkun rafmagnsverðs með sérstökum aðgerðum. Er það heimilt samkvæmt EES samningi? Má niðurgreiða rafmagn eða beita öðrum þeim aðgerðum til að slá á kostnaðarauka?

Mikilvægt er að heildarmyndin verði skýr en maður sjái ekki bara skýjaborgir um lækkun skatta, minnkandi kostnað við heilbrigðisþjónustu verulega eða borga allan kostnað við löggæslu, háskóla, íþróttir, fangelsi svo eitthvað sé talið.

Í fjórða lagi er óvissa gríðarleg ennþá sem birtast í skýrslum sem frá Landsvirkjun koma. Þegar talað er um arðgreiðslur í ríkissjóð þá gætu þær verið á bilinu 4-72 milljarða. Í fyrstu gögnum Landsvirkjunar í fyrra var talað um 30-112 ma. Þessi mikli munur endurspeglar þá miklu óvissu sem er í verkefninu.

**Í fimmta lagi** varðandi tæknileg atriði. En þar er einnig veruleg áhætta en hún gæti leysts á komandi áratugum við að leggja sæstreng við þær aðstæður sem við er að glíma á milli Íslands og Englands. Einnig má minna á bilanir á sæstrengja en meðaltal viðgerða á sæstreng er 57 dagar!

**Í sjötta lagi** þá er umhverfisþátturinn mikilvægur í þessu verkefni. Ljóst er að það þarf að virkja töluvert til þess að eiga rafmagn í strenginn. Einnig eru umhverfisáhrif á hafsbotni töluvert áhætta líka. Síðan er áhrifaþáttur styrking dreifikerfis innanlands sem einnig kemur inn á umhverfiþáttinn.

**Í sjöunda lagi** þá er fjárfesting verkefnisins gríðarleg þó ekki lendi hún öll á ríkissjóði. Bara lagning strengs gæti kostað 300 milljarða króna. Fjárfestingar í orkumannvirkjum og samhliða uppbyggingu iðnaðar tengdu verkefninu er reiknaður um 900 ma króna. Samtals er verið að tala um fjárfestingu sem nemur 1.100-1.400 ma króna sem er nálægt landsframleiðslu Íslands 2011.

Því er um að ræða fjórfalda til fimmfalda fjárfestingu á við Kárahnjúkavirkjun og búið er að skoða áhrif þeirrar fjárfestingar á hagkerfi okkar.


**Samband garðyrkjubænda vill einnig** vera á jákvæðum nótunum og viljum því velja upp nokkrum hugmyndum. Við teljum rétt að þegar samningar LV við stóriðjuna losni að orkuverð verði hækkað og gæti svo farið að orkan verði nýtt í annað í framhaldinu.

**Síðan er möguleiki** ef fyrirtæki og ríkissjóður legðu saman í fjárfestingasjóð t.d. 500 ma króna þá væri það sjóður sem hefði það markmið að styðja við og byggja upp lítil og meðalstór fyrirtæki í greinum sem nota töluverða orku við sína starfssemi. Ekki þyrfti að binda staðsetningu þeirra við höfuðborgarsvæðið heldur gætu þau gagnast til að styrkja byggðarstefnu með staðsetningu hvar sem er á landinu.

**Hægt væri einnig að tryggja** að fyrirtæki í rekstri yrði tryggð orka til áframhaldandi starfssemi og hvatning væri til staðar að auka framleiðsluna. Það er alveg ljóst að ef eigendur fyrirtækja t.d. í garðyrkju sjá fram á að rekstrarkostnaður aukist verulega við lagningu sæstrengs að þá halda þeir að sér höndum við fjárfestingar. Við höfum jafnframt séð að ef hvatar eru til staðar þá fara menn af stað og auka framleiðslu sína. Útflutningi á rafmagni hefur verið líkt við það að flytja út óunnin fisk erlendis þar sem hann er full unninn og stór hluti virðisaukans verður til þar.

**Þessar jákvæðu hugmyndir** geta leitt til mikillar uppbyggingar á litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Skatttekjur af þeim rekstri og skatttekjur starfsmanna vara til frambúðar og er ekki síður jákvætt en að treysta á óvissu með útflutningi rafmagns.

F. h. Sambands garðyrkjubænda



Bjarni Jónsson

framkvæmdastjóri